

Fundardagskrá fyrir fund 21/2 2010, kl. 17

1. Árshátíð TKÍ. Farið yfir stöðu og framhald.
2. Æfingabúðir með Mr. Jamshid. Ruglingur með tímasetningu og skipulag heimsóknar.
3. Ingibjörg til Mexico. Staða og fjármál.
4. Samskipti við Kukkiwon. Staða og framhald málsins.
5. Styrkumsóknir. Það sem sótt hefur verið um og hvað hefur fengist.
6. Hvað þarf að gera varðandi styrki frá ÍSÍ og ríki.
7. Sparring dómaramámskeið í tengslum við Íslandsmeistaramót.
8. Önnur mál.

1. Arnar sér um að bóka sal og skráningar á árshátíðina. Hæfilegt gjald er talið vera kr. 4000,- þannig að matur og salur séu nokkurn veginn á sléttu.
2. Finna þarf aðra tímasetningu þar sem fyrri tímasetning stangast á við Íslandsmeistaramótið vegna einhvers misskilnings. Pétur talar við Mr. Jamshid.
3. Fengist hefur styrkur upp á kr. 370.000,- fyrir Ingibjörgu sem nota á upp í Mexíkóferðina. TKÍ borgar rest. Áætlaður kostnaður eru rúmlega 500.000,- Hugsanlega fást frekari styrkir til áframhaldandi keppnisþátttöku Ingibjargar, sérstaklega ef vel gengur í Mexíkó.
4. Arnar er að vinna að lausn á Dan-gráðu vandamálinu varðandi nemendur frá Mr. Sigursteini og Mr. Park. Þeir hafa ekki fengið Dan gráður sinna nemenda í gegnum Kukkiwon í um 3 ár. Miklar bréfaskriftir hafa átt sér stað og er umsókn fyrir Ingibjörgu væntanlega að detta í gegn. Þá ætti restin vonandi að koma í kjölfarið.

Arnar og Pétur hafa náð að stofna reikning hjá Kukkiwon til þess að liðka um fyrir þessum málum. Þá er hægt að gjaldfæra prófgjöldin af korti sambandsins.

5. Arnar lagði inn styrkumsókn fyrir Ingibjörgu í flokknum ungir og efnilegir og fengust eins og áður sagði 370.000 kr. Einnig var sótt um styrk fyrir keppendu á EM en sá styrkur fékkst ekki. Einnig sótti Arnar um 2 kvennastyrki, annars vegar fyrir Ingibjörgu og hins vegar fyrir poomse landsliðið. Eftir á að koma í ljós hvort eitthvað fæst úr því.
6. Jón Ragnar var búinn að bjóðast til þess að aðstoða við málið. Pétur og Arnar þurfa að finna tíma fyrir fund með Jóni.
7. Sigursteinn tekur að sér að halda slíkt námskeið. Hann hefur stungið upp á að hafa námskeiðið tvískipt. Fyrri hluta fyrir Íslandsmeistaramót og seinni hlutinn eftir mót þegar þátttakendur hafa dæmt á einu móti með nýju reglunum og geta þá haft spurningar sem hægt yrði að svara. Helgi og Sigursteinn fara yfir þessi mál.
8. Ekki komu upp önnur mál og fundi var slitið kl. 19.